

I EES-STOFNANIR**1. Sameiginlega EES-nefndin**

	Tilkynning til lesenda	1
2014/EES/42/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2014/EES/42/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	3
2014/EES/42/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	5
2014/EES/42/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	7
2014/EES/42/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	9
2014/EES/42/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	11
2014/EES/42/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	12
2014/EES/42/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	14
2014/EES/42/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	15
2014/EES/42/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	16
2014/EES/42/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	17

2014/EES/42/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	19
2014/EES/42/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	20
2014/EES/42/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	22
2014/EES/42/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn	23
2014/EES/42/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	24
2014/EES/42/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	25
2014/EES/42/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	27
2014/EES/42/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	28
2014/EES/42/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	29
2014/EES/42/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	30
2014/EES/42/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	31
2014/EES/42/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	32
2014/EES/42/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	33
2014/EES/42/25	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	35
2014/EES/42/26	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn	36
2014/EES/42/27	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	37
2014/EES/42/28	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	38
2014/EES/42/29	Leiðréttingar	41

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Tilkynning til lesenda

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2014, nr. 7/2014, nr. 23/2014 og nr. 31/2014 voru afturkallaðar áður en þær voru samþykktar og því eru eyður í númeraröðinni.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 1/2014

2014/EES/42/01

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/261/ESB frá 3. júní 2013 um leyfi fyrir rannsóknarstofu í Úkraínu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundæði⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 97. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/396/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„98. **32013 D 0261**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/261/ESB frá 3. júní 2013 um leyfi fyrir rannsóknarstofu í Úkraínu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundæði (Stjtið. ESB L 152, 5.6.2013, bls. 50).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 152, 5.6.2013, bls. 50.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

2. gr.

Norskur texti ákvörðunar 2013/261/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2014

2014/EES/42/02

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 374/2013 frá 23. apríl 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2013 frá 14. maí 2013 um leyfi fyrir hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni selenmeþíóníns sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus kefir* DSM 19455 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 775/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla aðrar en varpugla (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 frá 16. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bættist við á eftir 94. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2013) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „95. **32013 R 0374**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 374/2013 frá 23. apríl 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (Stjtið. ESB L 112, 24.4.2013, bls. 13).
96. **32013 R 0445**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2013 frá 14. maí 2013 um leyfi fyrir hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni selenmeþíóníns sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 130, 15.5.2013, bls. 21).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2013, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 130, 15.5.2013, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 32.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 15.

97. **32013 R 0774**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus kefiri* DSM 19455 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 30).
98. **32013 R 0775**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 775/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla aðrar en varpugla (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) (Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 32).
99. **32013 R 0787**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 frá 16. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 374/2013, (ESB) nr. 445/2013, (ESB) nr. 774/2013, (ESB) nr. 775/2013 og (ESB) nr. 787/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2014

2014/EES/42/03

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 795/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir kólíklóriði sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 796/2013 frá 21. ágúst 2013 um synjun um leyfi fyrir efninu 3-asetýl-2,5-dímetylþíófeni sem fôðuraukefni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 797/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 11181 sem fôðuraukefni fyrir kálfa til eldis og til slátureldis og fyrir fráfarugrísí (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1333/2004 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 803/2013 frá 22. ágúst 2013 um leyfi fyrir fólínsýru sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 797/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004 ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bættist við á eftir 99. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013):
„100. **325013 R 0795**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 795/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir kólíklóriði sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 1).
101. **32013 R 0796**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 796/2013 frá 21. ágúst 2013 um synjun um leyfi fyrir efninu 3-asetýl-2,5-dímetylþíófeni sem fôðuraukefni (Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 4).
102. **32013 R 0797**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 797/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 11181 sem fôðuraukefni fyrir kálfa til eldis og til slátureldis og fyrir fráfarugrísí (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1333/2004 (Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 6).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 225, 23.8.2013, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 11.

103. **32013 R 0803**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 803/2013 frá 22. ágúst 2013 um leyfi fyrir förlínsýru sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 225, 23.8.2013, bls. 17).“
2. Texti liðar 1zv (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 795/2013, (ESB) nr. 796/2013, (ESB) nr. 797/2013 og (ESB) nr. 803/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2014

2014/EES/42/04

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 763/2013 frá 7. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 637/2009 að því er varðar flokkun tiltekinnar plöntutegunda til að meta heppileika nafngifta á yrkjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/45/ESB frá 7. ágúst 2013 um breytingu á tilskipunum ráðsins 2002/55/EB og 2008/72/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB að því er varðar grasafraeðiheiti tómata ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði III. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) í 1. hluta:
„– **32013 L 0045**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/45/ESB frá 7. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 20).“
2. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009) í 2. hluta:
„eins og henni var breytt með:
– **32013 R 0763**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 763/2013 frá 7. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 16).“
3. Eftirfarandi bætist við í 55. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB) í 2. hluta:
„eins og henni var breytt með:
– **32013 L 0045**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/45/ESB frá 7. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 763/2013 og tilskipunar 2013/45/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 20.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2014

2014/EES/42/05

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 786/2013 frá 16. ágúst 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar leyfileg mörk fyrir jessótoxín í lifandi samlokum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 913/2013 frá 23. september 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sætuefna í tiltekið smurálegg úr aldinum eða grænmeti ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0786**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 786/2013 frá 16. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 14).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0913**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 913/2013 frá 23. september 2013 (Stjtið. ESB L 252, 24.9.2013, bls. 11).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 786/2013 og (ESB) nr. 913/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 252, 24.9.2013, bls. 11.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2014

2014/EES/42/06

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar massa og mál vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB):
„– **32012 R 1230**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 frá 12. desember 2012 (Stjtið. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 31).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zzt (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB):
„45zzu. **32012 R 1230**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar massa og mál vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtið. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1230/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 31.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2014

2014/EES/42/07

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 fellur úr gildi tilskipun ráðsins 87/95/EEB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB) í III. kafla:
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
2. Eftirfarandi bætist við í 6. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB) og lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB) í VIII. kafla:
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
3. Eftirfarandi bætist við í 27. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/23/EB) í IX. kafla:
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 27b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB) í IX. kafla:
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
5. Eftirfarandi bætist við í lið 7a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB) í X. kafla:
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
6. Texti 2. liðar (ákvörðun ráðsins 87/95/EBE) í XVIII. kafla falli brott.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 36, 7.2.1987, bls. 31.

7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB) í XIX. kafla:
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
8. Texti 2. liðar (fallinn brott) í XIX. kafla hljóði svo:
„**32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Orðin „37. gr. EES-samningsins“ komi í stað orðanna „57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ í 7. mgr. 2. gr.“
9. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/686/EBE) í XXII. kafla:
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
10. Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 93/15/EBE) og 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB) í XXIX. kafla:
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“
11. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB) í XXXI. kafla:
„– **32012 R 1025**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*). Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2014

2014/EES/42/08

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/46/ESB frá 28. ágúst 2013 um breytingu á tilskipun 2006/141/EB að því er varðar kröfur um prótín í ungbarnablöndum og stoðblöndum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzv (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 L 0046**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/46/ESB frá 28. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/46/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2014

2014/EES/42/09

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 816/2013 frá 28. ágúst 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á hlutlausri metakrýlatsamfjölliðu og mínushlaðinni metakrýlatsamfjölliðu í fæðubótarefni í föstu formi og á viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar fyrir basíska metakrýlatsamfjölliðu (E 1205), hlutlausa metakrýlatsamfjölliðu og mínushlaðna (¹).
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) og í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0816**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 816/2013 frá 28. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 816/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2014

2014/EES/42/10

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1068/2013 frá 30. október 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á dífosfötum (E 450), trífosfötum (E 451) og fjölfosfötum (E 452) í votsaltaðan físk ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1068**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1068/2013 frá 30. október 2013 (Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 58).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1068/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 58.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2014

2014/EES/42/11

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 723/2013 frá 26. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósmarínkjarna (E 392) í tiltekna fítilitlar kjöt- og fiskafurðir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 724/2013 frá 26. júlí 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar varðandi nokkur fjölkóhól (pólýól) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 738/2013 frá 30. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna aukefna í fiskhrognahliðstæður að stofni til úr þangi og þara ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2013 frá 30. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á plöntusterólum, sem eru auðug af stigmasteróli, sem bindiefni í áfeng hanastél, sem eru tilbúin til frystingar, og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á plöntusterólum, sem eru auðug af stigmasteróli, sem matvælaaukefni ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
 - „– **32013 R 0723**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 723/2013 frá 26. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 8),
 - **32013 R 0738**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 738/2013 frá 30. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 32),
 - **32013 R 0739**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2013 frá 30. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 35).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
 - „– **32013 R 0724**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 724/2013 frá 26. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 11),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 35.

- **32013 R 0739**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2013 frá 30. júlí 2013 (Stjtið ESB L 204, 31.7.2013, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 723/2013, (ESB) nr. 724/2013, (ESB) nr. 738/2013 og (ESB) nr. 739/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2014

2014/EES/42/12

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 122/2013 frá 12. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1950/2006 um skrá, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýralyf, yfir efni sem eru nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 15za (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1950/2006) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0122:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 122/2013 frá 12. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 42, 13.2.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 122/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 42, 13.2.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2014

2014/EES/42/13

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013 frá 6. maí 2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir tilsvarendi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 736/2013 frá 17. maí 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar tímalengd vinnuáætlunarinnar um að rannsaka fyrirliggjandi sæfandi, virk efni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 613/2013 frá 25. júní 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1451/2007 að því er varðar fleiri virk efni í sæfivörum sem rannsaka skal samkvæmt endurskoðunaráætluninni ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012):
„eins og henni var breytt með:
– **32013 R 0736**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 736/2013 frá 17. maí 2013 (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 25).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12ze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007):
„– **32013 R 0613**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 613/2013 frá 25. júní 2013 (Stjtið. ESB L 173, 26.6.2013, bls. 34).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zzo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/204/ESB):
